

Sp.

71. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um ferðir strandferðaskipsins Herðubreiðar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hætt verði að láta strandferðaskipið Herðubreið snúa við á Austfjörðum í strandferðum austur um land frá Reykjavík.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna endurtekinna kvartana frá höfnum norðan Langanes, einkum frá Þórshöfn, en þar leggjast hin stærri strandferðaskip ekki að bryggju. En þar sem svo stendur á, er þess sérstök þörf, að minni skipin komi við, enda voru þau í öndverðu einkum til þess ætluð. Nú kemur það oft fyrir, að Herðubreið er látin snúa við á Austfjörðum (Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði, Bakkaafirði) og kemur þá ekki norður fyrir Langanes. Verður ekki við það unað að öðru óbreyttu.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrædd.